

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

STUÐURLANDSBRAUT 4  
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS  
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Málsnúmer: 2021010078

Málalykill: 15.3.4

**Málefni: Umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum (stjórnsýsla neytendamála), þskj. 418 – 344. mál.**

## Almennt

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vísar til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, dags. 22. janúar 2021, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum (stjórnsýsla neytendamála), sbr. þskj. 418 – 344. mál. Þakkar stofnunin fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri umsögn sinni um frumvarpið.

Frumvarp þetta felur í sér flutning hluta verkefna Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar annars vegar og PFS hins vegar. Er varðar þann hluta er snýr að PFS er nánar tiltekið lagt til að stjórnsýsluverkefni Neytendastofu samkvæmt lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, verði færð til stofnunarinnar.

Í athugasemdum við frumvarp þetta kemur fram að þann 7. september 2020 var stofnaður starfshópur til að meta áhrif breytingartillagnanna á starfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Neytendastofu. PFS var hvorki kallað til þátttöku í umræddum starfshópi né var viðhaft nokkurt samráð við stofnunina við vinnslu frumvarpsins. Fyrsta formlega aðkoma PFS að frumvarpinu er því með umsögn þessari. Stofnunin vill því nýta tækifærið og benda á nokkur atriði sem hún telur nauðsynlegt að tekin verði til skoðunar við meðferð málsins á Alþingi.

## Samlegð með öðrum verkefnum PFS og fjármagn

Að mati PFS er stofnunin almennt vel til þess fallin að sinna eftirliti með traustþjónustu og rafrænni auðkenningu enda fellur sú starfsemi vel að öðrum verkefnum hennar, sérstaklega eftirliti með stafrænum grunnvirkjum og veitendum stafrænnar þjónustu á grundvelli laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Í því samhengi má nefna að Evrópusambandið hefur birt tillögu að uppfærðri útgáfu af tilskipun um net- og upplýsingaöryggi (NIS2), en núgildandi tilskipun var innleidd hér á landi með áðurnefndum lögum nr. 78/2019. Í hinni nýju tillögu er lagt til að fella traustþjónustu og rafræna auðkenningu undir NIS regluverkið, nánar tiltekið sem hluta af stafrænum grunnvirkjum. Er því samræmi í þeim breytingum sem boðaðar eru með frumvarpi þessu og NIS2.

Á sama tíma og PFS telur samlegð með eftirliti með traustþjónustu og rafrænni auðkenningu og öðrum verkefnum stofnunarinnar á grundvelli núgildandi laga er grundvallarforsenda þess að vel til takist að fjármögnun verkefnisins verði tryggð með varanlegum hætti. Taka þarf mið af umfangi verkefnanna sem og að eðli þeirra krefst sérfræðikunnáttu sem byggja þarf upp innan stofnunarinnar. Má nefna að Evrópusambandið hefur mælst til þess að aðildarríki EES tryggi að lágmarki tvö starfsgildi til að sinna eftirliti með traustþjónustu og rafrænni auðkenningu. Í ljósi þess skamma tíma sem gefinn er til umsagnar hefur stofnuninni ekki unnist tími til að meta umfang og kostnað eftirlits. Stofnunin telur að slíkt mat verði að fara fram fyrir gildistöku laganna og fjárheimildir þurfa að endurspeglu kostnaðinn.

### **Breytingar á öðrum lögum og gildistaka**

Um starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar gilda lög nr. 69/2003. Þar kemur m.a. fram skipulag stofnunarinnar, helstu verkefni auk eftirlits- og kærueimilda. Í frumvarpinu er ekki lagt til breytingar á lögum nr. 69/2003 en það er mat PFS að æskilegt sé að lögin endurspegli breytt verkefnasvið stofnunarinnar, verði frumvarpið samþykkt.

Þá vekur stofnunin athygli á því að samkvæmt forsetaúrskurði fer atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið með mál er varða rafræna auðkenningu og traustþjónustu. Samhliða flutningi eftirlitsins til PFS væri æskilegt að málaflokkurinn yrði sömuleiðis færður undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, en stofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfragslega undir það ráðuneyti. Sé það ekki vilji stjórnvalda að færa málaflokkinn milli ráðuneyta bendir PFS að tryggja þarf sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með skýru ákvæði þess efnis í lögum nr. 55/2019.

Að lokum telur PFS þörf á að gera breytingu á gildistöku laganna. Samkvæmt frumvarpinu er gildistaka 1. apríl 2021 en fyrirséð er að það muni taka lengri tíma að undirbúa flutning verkefnanna. Stofnunin leggur því til að gildistaka laganna verði í fyrsta lagi 1. október 2021.

PFS er að sjálfsögðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til að ræða atriði í umsögn þessari sé þess óskað af nefndinni.

Virðingarfyllst,

  
Gabriella Unnur Kristjánsdóttir